

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands

Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápmynd: 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna

Umbrot: Elín G. Einarsdóttir

© 2018 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
<b>AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN</b>	<b>3</b>
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b>	<b>4</b>
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða	5
<b>STARFSEMIN INNANLANDS</b>	<b>6</b>
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	8
Aðstoð og upplýsingagjöf	8
Fundir, námskeið og aðrir viðburðir	8
Framlag til funda og málstofa	10
Fjölmiðlar og opinber umræða	11
Samstarfsverkefni	11
Mannréttindafræðsla	11
<b>ERLENT SAMSTARF</b>	<b>12</b>
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	12
Norrænt samstarf	14
Uppbyggingarsjóður EES	14
Erasmus	15
Landamærastofnun Evrópu - FRONTEX	16

# INNGANGUR

## framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök fimmtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, samtökum mannréttindastofnana og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp, sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Helstu verkefni skrifstofunnar síðustu árin eru málþing um mannréttindi, fræðsla á ýmsum vettvangi, 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn rasisma, lögfræðiráðgjöf við innflytjendur, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, útgáfa ritraðar og uppbygging og viðhald heimasíðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2018 voru Erasmus verkefnið All4rights Human Rights, auk þess að flytja erindi eða taka þátt í pallborðsumræðum á ýmsum málþingum og ráðstefnum.

Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, m.a. um mismunun, hatursræðu og mannréttindi almennt. Skrifstofan svaraði á tímabilinu erindum frá ýmsum alþjóðlegum samtökum og aðilum er starfa að mannréttindum erlendis og héraðs, frá sendiráði Bandaríkjanna og almenningi. Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu. Þá fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. Skrifstofan sinnti einnig lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur samkvæmt þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið. Mannréttindaskrifstofan átti og sæti í Velferðarvaktinni, sérfræðingahópi um mansal, samráðshópi um konur frið og öryggi, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og teymi um málefni innflytjenda svo eitthvað sé nefnt. Þá tók skrifstofan þátt í verkefni Landsamtakanna Þroskahjálpar meðsetu í bakhópi varðandi börn með innflytjendabakgrunn og sérþarfir.

Á árinu 2018 naut MRSÍ fjárframlags frá dómsmálaráðuneyti, samkvæmt samningi sem gilti út árið 2018, auk samstarfssamnings til þriggja ára við utanríkisráðuneyti með sama gildistíma, voru báðir samningar framlengdir í lok ársins. Þá var þjónustusamningur við félagsmálaráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur endurnýjaður til eins árs. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastýra

# AÐILDARFÉLÖG og stjórn

## Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn

Á aðalfundi 2018 var staða formanns stjórnar MRSÍ laus til kosningar og Kitty Anderson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ellen Calmon var kosin stjórnarformaður til tveggja ára. Hugrún Hjaltadóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn, nú sem gjaldkeri, og var hún sjálfkörin í þá stöðu. Kjörnefnd tilnefndi Daníel Hauk Arnarsson til embættis varaformanns og var það samþykkt. Allir í kjörnefnd gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og var það samþykkt. Kjörnefnd samanstendur því af Margréti Pétursdóttur, Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur og Hrannari Jónssyni.

Stjórn Mannréttindaskrifstofunnar er eftir aðalfund skipuð eftirfarandi fulltrúum aðildarféлага:

### Amnesty International Íslandsdeld:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz  
Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

### Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Áslaug Björgvinsdóttir  
Varafultrúi: Erna Reynisdóttir

### Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Sverrisdóttir  
Varafultrúi: Arnór Bjarki Blomsterberg

### Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst P. Árnason  
Varafultrúi: Aðalheiður Ámundadóttir

### Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Þórdís Ingadóttir  
Varafultrúi:

### Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Kristín Ólafsdóttir  
Varafultrúi: Bjarni Gíslason

### Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Hugrún R. Hjaltadóttir  
Varafultrúi: Tryggvi Hallgrímsson

### Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon  
Varafultrúi: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

### Landssamtökin Geðhjálp:

Aðalfulltrúi: Einar Þór Jónsson  
Varafultrúi: Áslaug Inga Kristinsdóttir

### Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Árni Múli Jónasson  
Varafultrúi: Bryndís Snæbjörnsdóttir

### Rauði kross Íslands:

Aðalfulltrúi: Kristín Hjálmtýsdóttir  
Varafultrúi: Nína Helgadóttir

### Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Daníel Haukur Arnarsson  
Varafultrúi: Auður Magnús Auðardóttir

### Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Margrét Pétursdóttir  
Varafultrúi: Hope Knútsson

### UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Stella Samúelsdóttir  
Varafultrúi: Marta Búadóttir

### Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Puríður Harpa Sigurðardóttir  
Varafultrúi: Rúnar Björn Herrera

# FJÁRMÁL og rekstur

## Fjármál

Á árinu 2014 var gerður samningur við innanríkisráðuneytið til ársloka 2018, um 12 milljón króna árlegt framlag til skrifstofunnar. Þetta fyrirkomulag styrkti starfsemi skrifstofunnar þar sem henni var gert kleift að gera skýrari langtímaáætlanir á grundvelli öruggara rekstrarumhverfis. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið, um 3,5 milljóna framlag, gildi einnig út árið 2018, en hann hefur einnig verið skrifstofunni afar mikilvægur. Voru báðir samningar framlengdir á árinu 2018, við dómsmálaráðuneyti til eins árs og við utanríkisráðuneyti til fjögurra ára með fyrirvara um breytingar. Framlag dómsmálaráðuneytis hækkaði um 1 milljón króna og utanríkisráðuneytis um 500 þúsund. Þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var framlengdur til eins árs og kemur starfseminni einnig til góða. Fékk skrifstofan einnig styrk frá félagasmálaráðuneyti til að fullvinna rit um réttindi aldraðra og í verkefnið „Þekktu rétt þinn, þekking er vald“, sem varðar fræðslu fyrir erlendar konur, einkum brotþola ofbeldis. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum, auk annarra þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu, bestu þakkir fyrir.



## Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastýra MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Elín G. Einarsdóttir lögfræðingur er hinn starfsmaður skrifstofunnar. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir bókarí. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Á árinu 2018 voru 3 starfsmenn á skrifstofunni, einn frá Íslandi, annar frá Bretlandi og sá þriðji frá Bandaríkjunum. Sökum plássleysis er erfiðara fyrir skrifstofuna að taka á móti starfsmönnum nú en áður en vonandi finnst farsæl leið enda mikill ávinningur fyrir stofuna að fá þá aðstoð sem hlýst af starfsmönnum. Framkvæmdastýra og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

## Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastýra og starfsfólk hafa nú eigin skrifstofur, og fundaraðstaða er góð.

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun sem er í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Þetta er fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtökin, þau er að eigninni standa, gangast fyrir.

**Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofan er til húsa við Túngötu 14.**

**Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.**

## Bókasafnið

Þann 9. apríl 2015 afhenti MRSÍ Landbókasafni/ Þjóðarþóklöðu bókasafn sitt að gjöf. Var það einkum gert í þeim tilgangi að það kæmi betur að notum þar sem afar lítið var um að leitað væri eftir bókum til útlána.

## Heimasíða


Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um mannréttindamál. Árið 2014 var nýrri vefsíðu komið í upp og er efni hennar mun aðgengilegra en áður var. Slóðin er [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is). Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar, s.s. á vefsetri um mannréttindi, en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis og ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn. Vefsetrið um mannréttindi inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla. Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni fyrri ára, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmála Sp og vefleikinn Flóttta. Vefurinn er uppfærður eftir því sem kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. safnað saman ýmsu fræðsluefni fyrir unglinga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is):

- **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna**
- **Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**
- **Bann við mismunun**
- **Mannréttindi í þrængingum**
- **Réttindi transgender fólks á Íslandi**
- **Hatursorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur - ábendingar til framtíðar**

Á síðunni er einnig að finna skýrslu um hatursræðu og kynjahyggju á netinu, sem MRSÍ vann í samstarfi við Mannréttindastofnun Danmerkur og Umboðsmann jafnréttis og mismununar í Noregi. Þar er einnig að finna leiðbeiningar á ensku um hvernig eigi að haga viðtölum við innflytjendur með menningarfærni að leiðarljósi. Leiðbeiningarnar voru unnar í tengslum við ERASMUS verkefnið Bridge Builders sem MRSÍ tók þátt í ásamt Law for Life í Bretlandi og AVIJD í Frakklandi. Á síðunni má einnig finna útdrátt á ensku úr skýrslunni um hatursræðu. Þá er og að finna á heimasíðunni bæklinginn Ekki í lagi, en hann fjallar um hatursræðu og er sniðinn að börnum og ungmennum.

Vefsíðan er að meginsteftu á íslensku en þó er mikið efni einnig aðgengilegt á ensku síðunni. Stefnt er að því að vera með upplýsingar um skrifstofuna og lögfræðiráðgjöfina á fleiri tungumálum, s.s. pólsku, spænsku og rússnesku, og mun það koma inn eins fljótt og auðið er.



# STARFSEMIN

## innanlands

### Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna). 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 51 - 51. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot). 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 10 - 10. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almenn hegningarlög (starfrænt ofbeldi). 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 37 - 37. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga. 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 34 - 34. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög (ríkisfangsleysi). 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal 205 - 133. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun). 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal 9 - 9. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 150 - 83. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 35 - 35. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu). 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 39 - 39. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 88 - 74. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum). 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 252 - 178. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls). 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 334 - 238. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 182 - 113. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 239 - 165. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnslu í umgengnismálum. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 157 - 90. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir). 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 165 - 97. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (bótaréttur fanga). 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 48 - 48. mál.



- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (umskurður drengja). 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 183 - 114. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 550 - 393. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. 146. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 551 - 394. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál). 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 674 - 468. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 21 - 21. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (afnám krónu á móti krónu skerðingu). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 54 - 54. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 156 - 156. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innfleytjenda. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 19 - 19. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 13 - 13. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 25 - 25. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (brottfall kröfu um ríkisborgararétt). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 45 - 45. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011, með síðari breytingum (meðferð beiðna um nálgunarbann). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 26 - 26. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019 - 20122 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 550 - 409. mál.

## Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastýra var á árinu 2018 fulltrúi MRSÍ í ýmsum nefndum og vinnuhópum sem starfa á vegum ríkisins. Má þar nefna velferðarvaktina og vinnuhóp hennar um sárafátækt, sérfræðingahóp um mansal og sérfræðingahóp um framfylgd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325. Þá situr framkvæmdastýra einnig í fagráði MARK Miðstöðvar margbreytileika og kynjarannsóknna, samræðuvettvangi félagsamtaka sem starfa að mannréttindamálum, teymi um málefni innflytjenda, teymi um málefni flóttamanna, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og og tengslaneti umboðsmanns barna. Enn fremur á skrifstofan sæti í bakhópi sem fjallar um börn með innflytjendabakgrunn og sérþarfir. Mannréttindaskrifstofan tekur einnig þátt í samstarfi um Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, og er framkvæmdastýra formaður stjórnar Bjarkarhlíðar. Þá gaf skrifstofan einnig jákvætt svar við þátttöku í samstarfi um miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi.

## Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál.

Þann 27. mars undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttisráðherra, og Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastrýra MRSÍ, endurnýjun samnings við félags- og barnamálaráðuneytið um áframhaldandi lögfræðiráðgjöf til innflytjenda, þeim að kostnaðarlausu. Skrifstofan hefur sinnt þeirri ráðgjöf frá 2012 og hefur viðtölum fjölgað talsvert milli ára. Fengin reynsla sýnir að veruleg þörf er fyrir þessa þjónustu. Mest er óskað eftir ráðgjöf vegna umsóknna um dvalar- og atvinnuleyfi og varðandi fjölskyldurétt, einkum vegna skilnaðar- forsjár- og umgengnismála, en ýmis önnur mál koma einnig við sögu, svo sem ráðgjöf og önnur mál sem snúa að félagslegum réttindum innflytjenda.

## Fundir, námskeið og aðrir viðburðir

### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

MRSÍ hélt utan um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi líkt og síðustu ár og tók þátt í framkvæmd og skipulagningu þess. 16 daga átakið er alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi sem rekja má aftur til ársins 1991. Stendur átakið yfir frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Var tímabil þetta valið til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.

Þema ársins 2018 var: Endum kynbundið ofbeldi á atvinnumarkaðinum.

Ýmsir viðburðir voru skipulagðir víðs vegar um land, þar á meðal dagleg greinarskrif sem birtust á [www.visir.is](http://www.visir.is) og sumar einnig í Fréttablaðinu. Þá var friðarkaffi haldið, ljósagöngur, námskeiðið Verndarar barna, málþing og margt fleira. Gekk átakið í heild ákaflega vel fyrir sig og verður sífellt umfangsmeira frá ári til árs.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og átak síðustu ára má finna á heimasíðu MRSÍ, [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is) og á facebook síðu átaksins, [www.facebook.com/16dagar](http://www.facebook.com/16dagar).





**Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti**


Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var haldin að vanda dagana 17. - 25. mars 2018, með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Yfirskrift vikunnar í ár líkt og síðastu ár var „Hönd í hönd“ og er hönnuður vörumerkisins Arna Rún Gústafsdóttir. Líkt og fyrri ár hélt MRSÍ utan um skipulagningu vikunnar í samstarfi við ýmis félagasamtök víðsvegar um landið. Meðal annars tóku Rauði Kross Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Ungliðahreyfing Rauða Krossins þátt í Evrópuvikunni.

Markmið verkefnisins var sem endranær að fræða ungmenni um kynþáttamisrétti og einnig að fræða þau um hvernig þau geti upplýst aðra um hinar ýmsu hliðar kynþáttamisréttis, hvernig sporna megi við því, o.s.frv.

Auk þess að fræðast um kynþáttarmisrétti tókust nemendur og starfsfólk í yfir 20 leik- og grunnskólum um land allt, hönd í hönd í kringum skólabyggingar sínar til að sýna samstöðu með margbreytileikanum. Þetta er verkefni sem hóf göngu sína 2015 í tengslum við átakið og ætlunin er að halda því gangandi um ókomin ár.

Jafnframt skrifuðu ungmenni persónuleg póstkort sem send voru til handahófsvalinna Íslendinga líkt og verið hefur síðustu ár. Skilaboðin voru skrifuð sem hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum og var viðtakendum boðið að taka þátt í þeirri samstöðu með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir millumerkinu #hondihond.

Póskortið tók örlítlum breytingum þetta árið en ákveðið var að ramma það inn með heiti átaksins á hinum ýmsu tungumálum.



## Framlag til funda og málstofa

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt ýmis fræðsluerindi á liðnu ári svo sem fyrir lögreglumenn, félagsráðgjafanema og í endurmenntun. Þá tók skrifstofan einnig þátt í erindum og fundum eftir því sem hér segir:

### Hádegisfyrirlestur RIKK með yfirskriftinni: Veröld ný og betri. Mótun Mannréttindayfirlýsingarinnar

Þann 11. janúar stóðu RIKK - Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum - og UNU-GEST - Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna - fyrir hádegisfyrirlestri með yfirskriftinni Veröld ný og betri. Mótun Mannréttindayfirlýsingarinnar, þar sem fyrirlesari var Sólveig Anna Bóasdóttir en Margrét Steinarsdóttir, fræmkvæmdastýra MRSÍ stýrði fundinum.

### Málþing um intersex fólk

MRSÍ átti aðild að málþingi og vinnufundi um intersex málefni, 18. og 19. febrúar 2018, ásamt Samtökunum 78, Intersex Ísland og Íslandsdeild Amnesty International.

Gestir málþingsins voru erlendir sérfræðingar, m.a. frá Evrópuráðinu, Amnesty International og ILGA\_Europe.

Meðal þess sem rætt var á málþinginu var staða intersex fólks á Íslandi, vernd intersex barna gegn ónauðsynlegum læknisfræðilegum inngripum í líkama þeirra og lagaframkvæmd á Möltu sem stendur framarlega í málefnum intersex fólks.

### Jafnréttisparadísir Ísland?

Félag kvenna í lögmenntu (FKL) stóð fyrir málþingi með yfirskriftinni, Jafnréttisparadísir Ísland? þann 5. mars 2018 á Hallveigarstöðum en þar flutti framkvæmdastýra MRSÍ erindi um evrópskt lagaumhverfi og jafnrétti. Tílfni málþingsins var heimsókn systurfélags FKL frá New York fylki og fóru því fyrirlestrar fram á ensku.

### Jafnréttisþing 2018

Hið árlega Jafnréttisþing var haldið dagana 7. - 8. mars 2018 á Hilton Reykjavík Nordica. Yfirskrift þingsins var Útvíkkun jafnréttisstarfs - #metoo og margbreytileiki.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra MRSÍ, tók þátt í umræðum ásamt þeim Guðbjörgu Lilju Hjartardóttur, Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur og Sigrúnu Ingibjörgu Gísladóttur og var skrifstofan í samstafi við félags- og barnamálaráðuneytið um fyrri dag Jafnréttisþingsins.

### Ráðstefna Samráðsvettvangs trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um umskurð drengja

Samráðsvettvangur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga hélt ráðstefnu um umskurð drengja í Norræna húsinu 17. apríl 2018. Markmiðið með samráðsvettvanginum er að stuðla að jákvæðum samskiptum, skilningi, umburðarlyndi og virðingu milli trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og fólks með mismunandi trúarviðhorf hér á landi og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi. Á ráðstefnunni komu fram hinir ýmsu mælendur, bæði hérlendir sem og erlendir. Framkvæmdastýra MRSÍ var fundarstjóri ráðstefnunnar.

### National Peace Symposium in Iceland

Ahmadiyya Muslim Jama'at, samtök múslima á Íslandi héldu málþing á Center Hotel Plaza í apríl 2018. Þar var óskað eftir erindi frá framkvæmdastýru MRSÍ en hún fjallaði almennt um störf skrifstofunnar sem og mannréttindi á Íslandi.

### Samráð um þjónustu við flóttafólk

Þann 24. maí komu stofnanir, samtök og grasrótarsamtök sem starfa með og bjóða upp á þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd saman á lokuðu málþingi þar sem þau kynntu sín verkefni hvert fyrir öðru og skiptust á upplýsingum um það sem gert er í þjónustu við flóttafólk. Framkvæmdastýra MRSÍ kynnti þar starf skrifstofunnar og tók þátt í almennum umræðum. Þátttaka var góð og samrómur um að málþingið hafi gengið vonum framár.

### Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna 70 ára

Í tilefni af 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna stóðu samræðuvettvangur um mannréttindi og stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi að hátíðarfundum í Veröld - húsi Vigdísar þann 10. desember. Flutt voru ýmis áhugaverð erindi og var framkvæmdastýra skrifstofunnar þátttakandi í pallborðsumræðum um stöðu mannréttinda á Íslandi og á alþjóðavettvangi.



### Vald á viðsjárverðum tímum: Alþjóðleg barátta gegn mannréttindabrotum.

Framkvæmdastýra MRSÍ sá um fundarstjórn á opnum fundi á vegum Höfða friðarseturs, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, þar sem fjallað var m.a. um að starfi mannréttindahreyfinga um heim allan stafaði ógn af þeim breytingum sem hafa átt sér stað á alþjóðavísu að undanfögnu.

### Fjölmiðlar og opinber umræða

Talsvert var um að fjölmiðlar hefðu samband við MRSÍ á árinu 2018. Voru ernindin margvísleg en lutu oftast að atvikum eða álitafnum sem til umræðu voru hverju sinni, eins og mansali, málefnum innflytjenda, hatursræðu og málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

## Samstarfsverkefni

### Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi

Mannréttindaskrifstofa Íslands er einn af samstarfsaðilum stofnunar miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi. Stefnt er að því að opna miðstöðina fyrir part ársins 2019. Fyrirmynd miðstöðvarinnar er Bjarkarhlíð sem MRSÍ er einnig aðili að. Að samstarfinu koma m.a. Aflið, Kvennaathvarfið, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Háskólinn á Akureyri.

### Bjarkarhlíð - Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Skrifstofan hélt áfram að sinna lögfræðiráðgjöf í Bjarkarhlíð, enda framlag skrifstofunnar til samstarfsins. Skrifstofan hefur aukið viðveru sína um klukkutíma á viku, enda mikil þörf þar á.

Þá situr framkvæmdastýra skrifstofunnar í aðalstjórn sem formaður stjórnar og starfsmaður skrifstofunnar í framkvæmdastjórn.

### Skuggaskýrsla CRC

Á árinu hófst vinna við skrif skuggaskýrslu til Barnaréttarnefndar S.þ.

MRSÍ er einn aðila að skýrslunni ásamt ýmsum öðrum aðilum sem vinna að málefnum barna, s.s. Barnaheillum og UNICEF.

## Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofan var m.a. með fræðslu um hatursræðu, löggjöf um innflytjendur, mismunun, mansal og mannréttindi fyrir ýmsa hópa, vinnustaði og stofnanir. Þá veitti framkvæmdastýra MRSÍ fræðslu á fundi í félagsmálaráðuneytinu um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Enn fremur tók skrifstofan á móti erlendum aðilum sem óskuðu eftir fræðslu um starfsemi skrifstofunnar og stöðu mannréttindamála á Íslandi. Má þar nefna heimsókn lögfræðinga frá Japan sem sérhæfa sig í jafnréttismálum kvenna og hinsegin fólks og vildu fræðast um stöðu mála hér á landi. Þá hélt skrifstofan fund með þýskum þingmönnum þar sem umræðuefnið var störf skrifstofunnar og staða mannréttinda á Íslandi.

# ERLENT samstarf

MRSÍ er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi um kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

## The Association of Human Rights Institutes (AHRI)

MRSÍ er einn af stofnendum AHRI og var þáverandi framkvæmdastýra MRSÍ fyrsti stjórnarformaður samtakanna.

Stjórnarformaður AHRI er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnunninnar.

Eftirfarandi 50 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
12. Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi

**Mannréttindaskrifstofa Íslands er m.a. meðlimur á breiðum grunni, og AHRI - the Association of Human Rights Institutes, en skrifstofan er einnig einn stofnenda UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti, FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum þeirra samtaka.**



16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finlandi
23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
25. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
26. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
27. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
28. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
29. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
30. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
31. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
32. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
33. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
34. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
35. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
36. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
37. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
38. University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
39. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
40. Czech Center for Human Rights and Democratization (CCHRD), Tékklandi
41. The Human Rights Program of the Legal la e Department, Central European University, Ungverjalandi
42. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
43. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
44. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
45. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
46. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi
47. School of Global Studies, Univeristy of Gothenburg, Svíþjóð
48. Research Centre Human Rights, University of Vienna, Austurríki
49. Human Rights Centre, Durham Law School, Englandi
50. Human Rights Research and Education Centre, University of Ottawa, Kanada



**AHRI**

## Norrænt samstarf

### Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. MRSÍ er, ásamt níu öðrum félögum, einn aðstandenda.

### GRETA - Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins gegn Mansali

MRSÍ veitti ýmsum innlendum og alþjóðlegum aðilum upplýsingar varðandi mansal, m.a. sat skrifstofan fundi með GRETA, Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins gegn Mansali, en nefndin heimsótti Ísland 17. - 20. apríl 2018.

## Uppbyggingarsjóður EES

Uppbyggingarsjóður EES (áður Próunarsjóður EFTA) var stofnaður af EFTA ríkjunum þremur, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun milli þeirra ríkja sem aðstoðina þiggja og annarra EES ríkja.

Eitt af markmiðunum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af styrkveitendaríkjunum þremur.

MRSÍ heldur utan um þá hlið sjóðsins er snýr að frjálsum félagasamtökum og tengslamyndun á Íslandi.

### Undirbúningsfundur í Osló

Framkvæmdastýra MRSÍ sótti undirbúningsfund dagana 15. - 17. október 2018 í Osló vegna Uppbyggingarsjóðs EES, en nýtt tímabil styrkveitinga er hafið.





## Erasmus

### All4rights.humanrights

Í nóvember fór hópur á vegum MRSÍ til Puerto de la Cruz á Tenerife í verkefnið All4rights.humanrights. Um var að ræða ungmenna verkefni eða „Youth Exchange program“. Hópurinn samanstóð af starfsmanni skrifstofunnar sem var í leiðbeinanda hlutverki, fimm ungmennum sem tóku þátt og Jóhönnu Ingvarsdóttur, skipuleggjanda og milligöngulið við verkefnið. Ásamt Íslandi tóku Spánn, Ítalía, Króatía, Tékkland og Rúmenía þátt og voru saman komnir 43 þátttakendur frá fyrrgreindum löndum.

Tilgangur verkefnisins var að læra um mannréttindi almennt, kynnst menningu annarra þjóða og að þjálfa ungmenni upp í að verða talsmenn mannréttinda í sínum heimalöndum.



**Ungmennin sem tóku þátt fyrir Ísland hönd. F.v. Þórdís Hafþórsdóttir, Sandra Rún Grétarsdóttir, Erla Guðrún Þórðardóttir, Árný Stella Sveinbjörnsdóttir og Eyrún Inga Þorbjörnsdóttir.**



## Landamærastofnun Evrópu - FRONTEX

### Óháð eftirlit með framkvæmd Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra á frávísun umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Íslandi

Að beiðni Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra tók MRSÍ að sér hlutverk óháðs eftirlitsaðila (Human Rights Monitor) með framkvæmd frávísunar umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi í þeim tilvikum sem Útlendingastofnun synjar umsókn. Aðgerðirnar eru framkvæmdar af íslensku lögreglunni, í samstarfi við FRONTEX (Landamærastofnun Evrópu), að beiðni Útlendingastofnunar og dómsmálaráðuneytisins.

Fulltrúar MRSÍ fóru í heildina í 7 eftirlitsferðir á árinu 2018 og voru viðkomustaðir Albanía, Georgía og Kósóvó. Var í öllum tilvikum notast við leiguvélar, af tilliti til hagsmuna gerðarþola, í stað hefðbundinnar framkvæmdar sem hefði þýtt að fljúga í almennu áætlunarflugi með tilheyrandi millilendingum og öðrum óþægindum sem af því kynnu að hljóta.

Gengu ferðirnar vel fyrir sig og mun MRSÍ halda áfram að gegna þessu eftirlitshlutverki á nýju ári.

